

Fundargerð 50. fundar

verkefnisstjórnar um aukna hagsmunagæslu í úrgangsmálum

Árið 2019, þriðjudaginn 15. október kl. 11:00 kom Verkefnisstjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum saman til fundar í Hlaðbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Björn Hafsteinn Halldórsson, Ína Björk Ársælsdóttir, Jón Halldór Norðfjörð, Friðrik Klingbeil Gunnarsson, Hrefna Bryndís Jónsdóttir og Freyr Ævarsson.

Að auki sátu fundinn Guðjón Bragason sviðsstjóri og Eygerður Margrétardóttir verkefnisstjóri, sem ritaði fundargerð.

Steinþór Þórðarsson nýráðinn framkvæmdastjóri Kólku sorpeyðingarstöðvar sf. sat fundinn sem gestur.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 49. fundar - 1810077SA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 49. fundar verkefnisstjórnar frá 15. ágúst 2019.

Fundargerðin var staðfest og undirrituð.

2. Skipan verkefnisstjórnar fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum - 1810077SA

Lögð fram bókun stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga um skipan verkefnisstjórnar frá 30. ágúst sl. og minnisblað um tillögu að fulltrúum í verkefnisstjórn um hagsmunagæslu í úrgangsmálum, dags. 22. ágúst sl. Friðrik Klingbeil Gunnarsson nýr starfsmaður umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar tekur sæti í verkefnisstjórninni í stað Eygerðar Margrétardóttir sem hefur verið fulltrúi Reykjavíkurborgar. Jón Norðfjörð sem hefur setið sem aðalmaður í verkefnisstjórninni hefur látið af störfum sem framkvæmdastjóri Kólku og mun Steinþór Þórðarson nýráðinn framkvæmdastjóri væntanlega koma í hans stað.

3. Fyrirætlanir ríkisins um álagningu urðunarskatts um næstu áramót - umsagnir sambandsins - 1908029SA

Fyrir liggja tvær umsagnir sambandsins er varða fyrirætlanir ríkisins um álagningu urðunarskatts. Lögð fram til kynningar umsögn um frumvarp um breytingar á lögum um umhverfis- og auðlindaskatta, nr. 129/2009, dags. 28. ágúst sl. Einnig umsögn sambandsins um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna fjárlaga fyrir árið 2020, dags. 9. október sl. Nái frumvörpin fram að ganga mun sveitarfélögunum vera skylt að innheimta urðunarskatt fyrir blandaðan úrgang og óvirkan úrgang frá næstu áramótum.

Sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins og Börn H. Halldórsson framkvæmdarstjóri SORPU bs. sögðu frá fundi með efnahags- og viðskiptanefnd

Alþingis þann 15. október sl. í tengslum við fyrirætlanir ríkisins um álagningu urðunarskatts um áramót. Gott samtal átti sér stað um málið á fundinum. Sambandið lagði áherslu á að skattlagningin þyrfti vandaðra samráðsferli og gerði alvarlega athugasemd við að frumvarpið væri lagt fram í formi bandorms með frumvarpi til fjárlaga og færi því ekki í samráðsferli í samráðgátt Stjórnarráðsins. Einnig var því mótmælt að tekjur af skattlagningunni rynnu í ríkissjóð en yrðu ekki notaðar í innviðauppbýggingu í málaflokknum sem væri mikil þörf á. Jafnframt var vakin athygli á að urðunskatturinn myndi að óbreyttu að líkindum ekki ná tilætluðum markmiðum um lágmörkun úrgangsmýndunar, aukna endurvinnslu og minnkun losunar gróðurhúsalofttegunda þar sem innheimta fyrir úrgang er í mörgum tilfellum ekki tengd magni og gerð úrgangs. Björn H. Halldórsson sagði frá því að urðunarskattur væri ekki lagður á í öllum ríkjum Evrópu og reynsla af slíkum skatti sýndi að hann hefur lítil áhrif á endurvinnsluhlutfall eða magn úrgangs nema að slíkur skattur sé einnig lagður á brennslu úrgangs.

4. Vöktun aflagðra urðunarstaða - upplýsingafundur Umhverfisstofnunar - 1905024SA

Þann 19. september sl. hélt Umhverfisstofnun upplýsingafund um vöktun aflagðra urðunarstaða. Fundinum var ætlað að mæta ósk rekstraraðila aflagðra urðunarstaða um nánari upplýsingar og leiðbeiningar við vöktun á aflögðum urðunarstöðum. Boðaðir voru rekstraraðilar aflagðra urðunarstaða. Kynningarefni fundarins, dags. 19. september sl., lagt fram til kynningar.

Verkefnisstjóri umhverfis- og úrgangsmála hjá sambandinu og Ína B. Ársælsdóttir, umhverfisstjóri Húnaþings vestra sögðu frá fundinum sem var vel sóttur. Sambandið aðstoðaði við að vekja athygli á fundinum og sendi upplýsingar um hann til fulltrúa heilbrigðiseftirlitssvæðanna. Á fundinum var farið yfir lagalegar forsendur vöktunar og eftirlits með aflögðum urðunarstöðum sem byggir á reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs. Farið var yfir tíðni og verklag við eftirlitið og helstu vöktunarpætti. Ljóst er að vöktunin og stjórnarsýslan í kringum hana hvað varðar umfang og kostnað hefur oft verið íþyngjandi fyrir rekstraraðila urðunarstaðanna, sem eru í öllum tilfellum sveitarfélög. Umhverfisstofnun hefur í einhverjum tilfellum sett út á vöktunina. Meðal annars ber að vakta veðurfarspætti, s.s. uppgufun, sem Veðurstofa Íslands vaktar ekki á öllum stöðum á landinu og getur því verið mjög kostnaðarsamt að uppfylla kröfur um vöktun á þeim. Tilgangur vöktunarinnar er einnig í einhverjum tilfellum óljós sér í lagi þar sem mælingar sýna engar vísbendingar um mengun ár eftir ár. Skoða mætti hvort ástæða er til að draga úr tíðni vöktunar í þeim tilfellum. Auk þess er ljóst að einfalda mætti skil á gögnum í til Umhverfisstofnunar og staðla þau í meira mæli.

Samþykkt var að verkefnisstjóri umhverfis- og úrgangsmála hjá sambandinu og Ína B. Ársælsdóttir, umhverfisstjóri Húnaþings vestra munu taka upp samtal við Umhverfisstofnun um vöktun aflagðra urðunarstaða og hvernig megi gera hana minna íþyngjandi og bæta vöktun og skil á gögnum til Umhverfisstofnunar.

5. Drög að stefnu umhverfis- og auðlindaráðherra um meðhöndlun úrgangs - 1907021SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins um lokadrög að stefnu ráðherra um

meðhöndlun úrgangs, dags. 13. ágúst 2019. Einnig umsögn sambandsins, dags. 1. október 2019, um tillögur Umhverfisstofnunar um mögulegar breytingar á drögunum en þær tillögur urðu til eftir fund sambandsins og stofnunarinnar þann 17. september sl. Að auki lagt fram til kynningar minnisblað af fundi sem haldinn var þriðjudaginn 8. október sl. að ósk sambandsins í umhverfis- og auðlindaráðuneytis til að ræða drögin að stefnu ráðherra og lagafrumvarp sem kveðjur á um urðunarskatt.

Málinu frestað þar sem fulltrúi Umhverfisstofnunnar komst ekki á fundinn.

6. Kortlagning og leiðbeiningar um meðhöndlun byggingarúrgangs - 1910016SA

Grænni byggð hélt fund 26. september sl. um leiðbeiningar um meðferð byggingarúrgangs og kortlagningu á honum. Markmið kortlagningarinnar er að fá yfirsýn yfir byggingarúrgang á Íslandi ásamt því að útbúa töflur sem sýna magn úrgangs sem fellur til í hverjum úrgangsflokki við nýbyggingu, endurbætur og niðurrif fyrir mismunandi gerðir bygginga á fermetra. Grænni byggð vinnur verkefnið í samvinnu við Mannvirkjastofnun, Umhverfisstofnun, VSÓ Ráðgjöf, Verkís og EFLU. Verkefnið er fjármagnað með rannsóknarstyrk sem Mannvirkjastofnun úthlutaði Grænni byggð.

Pórhildur Fjóla Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri Grænni byggðar og Bryndís Skúladóttir hjá VSÓ ráðgjöf kynntu drögin. Upphaf vinnunnar má rekja til ráðstefnu um byggingarúrgang sem haldin var árið 2018. Mannvirkjastofnun styrkti verkefnið og áhersla var lögð á að vinna leiðbeiningar um meðferð byggingarúrgangs. Það reyndist erfitt að kortleggja magn byggingarúrgangs á Íslandi og var það töluvert minna en reyndin er annarstaðar í Evrópu. Ástæða er talin til að skoða þetta misræmi. Unnar voru leiðbeiningar bæði um byggingarúrgang á verktíma og hættulegan úrgang, þar er m.a. að finna kortlagningu á hvar hættulegan úrgang er helst að finna við niðurrif bygginga. Mikilvægt er að leiðbeiningarnar nýtist og er framhaldið í höndum Mannvirkjastofnunnar.

7. Haustráðstefna FENÚR 2019 - 1609010SA

Björn H. Halldórsson, framkvæmdarstjóri SORPU bs. og verkefnisstjóri umhverfis- og úrgangsmála hjá sambandinu sögðu frá fyrirhuguðum haustfundi Fenúr þann 17. október á Hótel Örk í Hveragerði.

Björn mun fjalla um fyrirhugaða álagningu urðunarskatts um áramót og þau áhrif sem slíkur skattur hefur haft í Evrópu og velta upp spurningum um áhrif sem skattlagningin getur haft á úrgangsstjórnun í landinu. Verkefnisstjóri umhverfis- og úrgangsmála mun fjalla um meðhöndlun plasts hérlendis og í Evrópu og beina sjónum að því sem sveitarfélög geta gert í plastmálefnum.

8. Önnur mál - 1803048SA

a. Verkefnisstjóri umhverfis- og úrgangsmála sagði frá vinnu við stefnumótun Úrvinnslusjóðs. Liður í þeirri vinnu er að fá fram sjónarmið helstu hagaðila sjóðsins, m.a. varðandi hvaða tækifæri og áskoranir þeir sjá varðandi starfsemi sjóðsins næstu 5 árin. Óskað hefur verið eftir fundi með verkefnisstjórninni 24.

október kl. 9:00. Um er að ræða klukkutíma fund þar sem ráðgjafi frá Strategíu mun stýra umræðunni.

Samþykkt var að Björn H. Halldórsson, Steinþór Þórðarsson og Friðrik Klingbeil Gunnarsson sætu fundinn ásamt fulltrúum sveitarfélaganna í stjórn Úrvinnslusjóðs. Þeim Bryndísi Gunnlaugsdóttur lögfræðingi og Eygerði Margrétardóttur verkefnisstjóra umhverfis- og úrgangsmála á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins.

b. Verkefnisstjóri umhverfis- og úrgangsmála á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins sagði frá þátttöku sinni í alþjóðaráðstefnu ISWA á Spáni 4. til 8. október sl.

c. Freyr Ævarsson, verkefnisstjóri umhverfismála hjá Fljótsdalshéraði sagði frá fundi sveitarfélagana á NA-landi um úrgangsmál sem haldinn var í ágúst. Framkvæmdarstjóri Íslenska gámafélagsins sat fundinn og sagði frá kostum þess að senda blandaðan úrgang til brennslu erlendis.

Jóni Norðfjörð sem setið hefur í verkefnisstjórn um hagsmunagæslu í úrgangsmálum til margra ára var þakkað velunnin störf í þágu stjórnarinnar og er honum óskað velfarnaðar.

Ákveðið var að næsti fundur verkefnisstjórnar yrði þann 22. nóvember nk.

Fundi var slitið kl. 13:30

Björn Hafsteinn Halldórsson

Ína Björk Ársælsdóttir

Jón Halldór Norðfjörð

Friðrik Klingbeil Gunnarsson

Hrefna Bryndís Jónsdóttir

Freyr Ævarsson